



Alþingi

Erindi nr. P/135/2182

komudagur 14.4.2008

## UMSÖGN UM FRUMVARP TIL SKIPULAGSLAGA

Mál nr. 374. Lagt fyrir Alþingi á 135.löggjafarþingi.

Sveitarfélaginu Skagafirði barst þann 29. febrúar 2008 til umsagnar frumvarp til skipulagslaga. Umsagnarfrestur er til 11. apríl. Hér fara á eftir athugasemdir skipulags- og byggingarnefndar um frumvarpið, teknar saman af Jóni Erni Berndsen sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa. Sveitarfélagið Skagafjörður áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum. Þá vill skipulags- og byggingarnefnd taka undir umsagnir sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

### II. kafli Stjórn skipulagsmála.

#### 7. grein Skipulagsfulltrúar

Í 7 grein segir m.a. „Með hverri skipulagsnefnd skal starfa skipulagsfulltrúi ráðinn af sveitarstjórn og skal hún senda Skipulagsstofnun tilkynningu um ráðningu hans. Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál og nefnist hann þá skipulags- og byggingarfulltrúi og skal hann þá uppfylla bæði kröfur um menntun og reynslu skipulagsfulltrúa samkvæmt lögum þessum og byggingarfulltrúa samkvæmt lögum um mannvirki.

Umsögn :

*Heimild til að sami aðili sé bæði skipulags- og byggingarfulltrúi felur í sér hagræðingu, sérstaklega fyrir hin smærri sveitarfélög. Andi laganna er aðskilnaður þessara þátta – kostnaðaríþyngjandi aðgerðum þurfa að fylgja auknir tekjustofnar til handa Sveitarfélögum.*

### III kafli Landsskipulag.

#### 10. og 11 grein

Í 10 grein segir m.a Umhverfissráðherra leggur fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun til tólf ára að afloknum hverjum alþingiskosningum. Landsskipulagsáætlun getur náð til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar. Í landsskipulagsáætlun er mörkuð stefna stjórnvalda í skipulagsmálum sem varða almannahagsmuni og getur hún tekið á öllum þáttum skipulags sem þarf til að ná því markmiði.

Endurskoða skal landsskipulagsáætlun á fjögurra ára fresti.

Landsskipulagsáætlun sem felur í sér stefnu um landnotkun er bindandi við gerð skipulags samkvæmt lögum þessum og skulu sveitarfélög endurskoða staðfest skipulag sitt í samræmi við áætlunina við næstu endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins en þó eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Umsögn :

*Hugmyndin að Landsskipulagi er á margan hátt jákvæð og æskilegt að ríkisvaldið samræmi hinar ýmsu landsáætlanir sínar svo sem varðandi samgöngur og orkunýtingu. Þetta skipulagsstig er nýtt og verður rétthæsta skipulagsstigið. Til þess ber sveitarfélögum að taka tillit við aðalskipulagsgerð og laga þarf gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélaga að nýrri*

landsskipulagsstefnu. Þetta vekur upp spurningar um hvað meint sé með að sveitarfélögin beri höfuðábyrgð á skipulagsgerð innan sinna sveitarfélagsmarka og virðist þessi grein opna möguleika á að skerða sjálfstæði sveitarfélaga í skipulagsmálum. Ekki verður séð hvers vegna Samband sveitarfélaga er gert yfirvald í þessum efnum. Sveitarfélagið Skagafjörður er ekki tilbúið til að framselja skipulagsvald sitt til sambandsins. Þá er ekki er gerð grein fyrir því hvaða tillit verður tekið til þeirrar stefnu sem sveitarfélag hefur markað í aðalskipulagi sínu og ekki er fyrirséð hvernig leysa á ágreining sem komið getur upp milli sveitarfélags og ríkisvalds varðandi stefnumörkun.

## VI. Kafli Svæðisskipulagsáætlanir.

### 21. grein

Í 21. grein segir m.a. Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðaðróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að útfæra landsskipulagsáætlun á hlutaðeigandi svæði eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi.

Umsögn :

Í greininni er fjallað um svæðisskipulag og hvað því beri að fjalla um og það skilgreint á þann hátt að það nái aðeins til sérstakra þátta. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpsdrögum er þetta nánar útskýrt og tekið sem dæmi línulagnir veitufyrirtækja og önnur stór verkefni sem taka til svæðis sem spannar meira en eitt sveitarfélag. Er ekki hugmyndin sú með landskipulagi að taka á slíkum málum, svo sem virkjunum, línulögnum og samgöngukerfum ? Mörkin þarna virðast óskýr.

## IX Kafli Skipulagsreglugerð, eignarnám, bætur ofl.


### 47. grein Landeignaskrá

Í 47 grein segir Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélags í landeignaskrá sem skal vera hluti af Landskrá fasteigna. Skrá þessi skal hafa tilvísun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélagi heiti sem skal þinglýsa.

Umsögn :

Mikilvægt er að í umfjöllun um landeignaskrá geri menn sér grein fyrir kostnaði við slíka vinnu. Í landmiklum sveitarfélögum getur hér verið um kostnaðarsama vinnu að ræða sem verið getur mjög íþyngjandi fyrir fámenn sveitarfélög.

f.h skipulags- og byggingarnefndar

  
Jón Örn Berndsen  
Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs  
Skipulags- og byggingarfulltrúi